



Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. apríl 2008
Tilvísun: 2008040017
Bréfalykill: 50.11

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum, 486. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 10. apríl 2008, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum, 486. mál.

Orkustofnun telur að eini hluti frumvarpsins sem snýr beint að stofnuninni sé 3. mgr. 8. gr. varðandi rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Gert er ráð fyrir að vinnu við rammaáætlun ljúki um mitt ár 2009. Á árinu 2008 lágu fyrir áætlanir um nauðsynlega gagnaöflun sem voru verulega umfram fjárhagsramma verkefnisins. Til að mæta því lagði þáverandi verkefnisstjórn fram beiðni um 60-80 mkr aukafjárveitingu, og fengust 60 mkr. Ný verkefnisstjórn hefur lagt fram áætlanir um frekari gagnaöflun sem gengur nærri fjárhagsramma verkefnisins. Orkustofnun telur ekki unnt að flýta þeirra vinnu, þar sem ýmsum rannsóknum er ólokið. Varðandi aukalegar fjárveitingar til verkefnisins telur Orkustofnun næsta víst að verkefnisstjórn muni fara fram á auknar fjárveitingar til að ganga frá niðurstöðum og tillögum verkefnisstjórnar þegar rannsóknarniðurstöður liggja fyrir.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir